
Fyrirlestur um Nóbelsverðlaun og verðlaunahafa

KNUT Ahnlund, prófessor frá Svíþjóð, heldur fyrirlestur í Norræna húsinu sunnudaginn 26. október kl. 17:00.

Knut Ahnlund fjallar í fyrirlestri sínum um Nóbelsverðlaunin í bókmenntum og hvernig sænska akademían velur Nóbelsverðlaunahafa hverju sinni. Hann ætti að vera öllum hnútum kunnugur í þessum efnum, hann hefur átt sæti í akademíunni frá 1983 og hefur auk þess starfað við Nóbelstofnun hennar sem sérfræðingur í bókmenntum frá 1970. Í erindi sínu ræðir Knut Ahnlund einnig um nýjasta Nóbelsverðlaunahafann í bókmenntum, Wole Soyinka, og ber þar vel í veiði, þar eð hann mun svo til óþekktur hér á landi.

Knut Ahnlund er þekktur fyrir störf sín á ýmsum sviðum bókmennta. Hann varði doktorsritgerð sína um Henrik Pontoppidan við Stokkhólmsháskóla 1957, kenndi um skeið norrænar bókmenntir við háskólann í Árósum og hefur verið bókmenntagagnrýnandi við Svenska Dagbladet árum saman. Þess utan hefur hann skrifað um rithöfundarferil ýmissa stórskálda, bæði norrænna og annarra, ma.a. Nóbelsverðlaunahafans I. Bashevis Singers.

Fyrirlesturinn hefst sem fyrr segir kl. 17:00 á sunnudaginn og eru allir velkomnir í Norræna húsið.



Pétur Jónasson



Elly Ameling

Tvennir tónleikar hjá Tónlistarfélaginu

FYRSTU tónleikar Tónlistarfélagsins á þessum vetri verða haldnir í Austurbæjarbíói í dag, laugardaginn 25. október, og hefjast þeir kl. 14.30. Pétur Jónasson, gítarleikari, mun leika verk eftir spænsku tónskáldin Tarrega og Moreno-Torroba, mexikanska tónskáldið Manuel M. Ponce og auk þess frumflytja nýtt verk eftir Kjartan Ólafsson, Tilbrigði við jómfrú.

Pétur er einn af okkar ungu tónlistarmönnum sem hefur vakið athygli í tónlistarheiminum. Í sumar var hann einn af 11 gítarleikurum valinn úr stórum hópi til þess að taka þátt í námskeiði hjá André Segovia í Bandaríkjunum. Framundan hjá Pétri eru tónleikar í Evrópu, Ísrael og Bandaríkjunum.

Miðvikudaginn 29. október halda Elly Ameling, sópransöngkona, og Rudolf Jansen, pianóleikari, tónleika á vegum félagsins. Þesir tónleikar áttu að vera fimmtudaginn 2. október en var frestað vegna veikinda. Á efnisskránni eru aríur og sönglög eftir Gluck, Vivaldi, Debussy, Poulenc og Hugo Wolf. Elly Ameling hefur fyrir löngu sungið sig inn í hjörtu tónlistarunnenda hér á landi og er hún ávallt aufúsugestur.

Miðar á báða þessa tónleika fást í Bókabúð Lárusar Blöndal, í Ítóni og við innganginn. Félagið vill taka fram að miðar þeir, sem seldir voru á tónleika Elly Ameling 2. október, gilda á þessa tónleika.

(Fréttatilkynning.)

INNLENT

Nafn dómarans

NAFN dómara féll niður í frétt í Morgunblaðinu s.l. fimmtudag.

Það var Friðgeir Björnsson, borgardómari, sem kvað upp dóminn í máli Steinunnar Bjarnadóttur gegn Samtökum um kvennaathvarf, þar sem samtökunum var gert að greiða Steinunni bætur vegna ólögmætrar, fyrirvaralausrar uppsagnar hennar.




Erla B. Axelsdóttir

„Viðfangsefni myndanna er lífið í kringum mig“

- segir Erla B. Axelsdóttir, sem opnar myndlistarsýningu á Kjarvalsstöðum í dag

ERLA B. Axelsdóttir opnar myndlistarsýningu í forsal Kjarvalsstaða í dag, laugardag. Á sýningunni eru 52 myndir málaðar með pastel- og kolum á undanförnum tveimur til þremur árum. „Viðfangsefni myndanna er lífið í kringum mig. Ég þarf ekki að leita langt eftir viðfangsefnum,“ sagði Erla þegar blaðamaður Morgunblaðsins hitti hana að máli á Kjarvalsstöðum í vikunni þar sem hún vann að uppsetningu sýningarinnar.



Erla sýndi fyrst í Ásmundarsal árið 1983 og í Norræna húsinu tveimur árum síðar. Auk þess tók hún þátt í sýningunni Reykjavík í myndlist á Kjarvalsstöðum í sumar og var einnig með einkasýningu á Ísafirði. Hún segir að sér sé eðlislægt að mála létt og lipurt, en þegar verkefnin verði of auðveld, reyni hún að setja sér verkefni sem kosti meira átak. Slík verkefni verði oft kveikjan að mörgum myndum um sama temað, þar sem hún reyni að ná fram ólíkum litum og skynjun á viðfangsefninu. „Ég fór til náms í Saratoga í New York ríki í Bandaríkjunum 1984. Í náminu þar var lögð mikil áhersla á að fara út að teikna. Þetta voru dálítið mikil umskipti frá náminu hér á landi og eftir að ég kom heim hef ég gert mikið af því að mála hversdagsleikann í borginni,“ segir hún. Hún bendir á myndröð frá tjaldstæðinu í Laugardal og segir að sér hafi þótt andstæðan mikil milli þeirra og fínu húsana í nágrenninu og útlendinganna að elda mat innan um ysinn og þysinn í borginni.

„Ég fékk upphaflega áhuga á myndlist í gegnum föður minn, Axel Helgason, sem var myndlistarmaður. Ég fór síðan í Myndlistarskólann fyrir tíu árum síðan og var þar í sex ár og lærði að mála í olíu undir handleiðslu Hrings Jóhannessonar. Ég hætti árið 1982 og fór að vinna á eigin vinnustofu,“ segir Erla.

Hún er húsmóðir, en segist nota allar frístundir til þess að mála. „Fólki finnst að ég afkasti miklu, en það á sér sínar skýringar. Ég skipulegg tíma minn mjög vel og mála alltaf 4-5 tíma á dag. Maður er þó aldrei að fullu laus við myndlistina, því maður er sífellt að sjá ný viðfangsefni og safna hugmyndum, sem maður vinnur svo úr þegar tækifæri gefst. Fjölskyldan ber mikla virðingu fyrir þessari vinnu minni og ef svo vill til að maður er ekki á vinnustofunni þá spyrja þau: „Afhverju varstu ekki að mála“. Það er margt sem maður fer á mis við, þegar maður á sér svona kröfuhart áhugamál. Þetta gengur ekki öðru vísi og mér finnst sem ég hafi svikið sjálfa mig, ef ég hef ekki unnið eitthvað á hverjum degi,“ segir Erla.

Hún segir aðspurð um það hvað það sé sem reki hana áfram, að myndlistin sé nauðsynlegur hluti af lífinu. „Ég þakka fyrir hvern dag, sem ég get gefið mig að myndlistinni af alhug. Það er dýrlegt að geta unnið við það sem maður hefur ánægju af,“ segir hún.

Sýning Erlu stendur til 9. nóvember og er opin alla daga frá klukkan 14-22.

Vatnsleysuvík álitleg fyrir stórt iðjuver

- segir í niðurstöðu staðarvalsnefndar um iðnrekstur

Keflavík.

STAÐARVALSNEFND um iðnrekstur hefur lokið við og gefið út skýrslu um náttúrufar, minjar og landnýtingu á Suðurnesjum. Úttektin er gerð á norðanverðum Reykjanesskaga, frá Hvaleyrarholti til Hafna.

Nefndin var skipuð árið 1980 og var henni falið að fjalla um hvar helst komi til álita að reisa iðjuver í tengslum við nýtingu á orku og hráefnaauðlindum landsins. Áður hafa komið út náttúrufarsrannsóknir á vesturströnd Eyjafjarðar, Húsavík, í Reyðarfirði og Innesjum (höfuðborgarsvæðinu).

„Störf nefndarinnar hófust með forvali, stuttu heildaryfirliti um þá staðhætti á Íslandi er helst vörðuðu staðarval orkufreks iðnaðar. Sérstök áhersla var lögð á vinumarkað, hafnarskilyrði, landrými í tengslum við hafnarstæði og orkuöflun,“ sagði Sigurður Guðmundsson, formaður Staðarvalsnefndar. „Seinni áfangi voru staðháttarannsóknir og í þeim upplýsingaramma voru meðal annars athuganir á vinnumarkaði, lóð, hafnaraðstöðu, aðstöðu til orkuöflunar, staðbundnum auðlindum, félagslegum þáttum, umhverfismálum, rekstrarskilyrðum og aðstöðu til mannvirkjagerðar“.

Sigurður sagði að þrír staðir væru álitlegastir fyrir stórt orkuver, eins og Álverið: Vatnsleysuvík, við Vogastapa og Helguvík. Vatnsleysuvík væri álitlegust vegna góðra hafnarskilyrða frá náttúrunnar hendi. Þar væru aðstæður betri en við Straumsvík.

Í skýrslunni er fjallað um jarðfræði, gróðurfar og dýralíf. „Hvergi á Íslandi er hægt að finna eins fjölbreytt fuglalíf og á Suðurnesjum,“ sagði Kristbjörn Egilsson, frá Náttúrufræðistofnun Íslands, ritstjóri skýrslunnar. „Fjörurnar eru ákaflega þýðingarmiklar fyrir farfugla sem hingað koma í þúsundatali á leið til og frá varpstöðvum við Grænland og á heimsskautaeyjum við Kanada. Því er brýnt að menga þær ekki. Ástand gróðurs á svæðinu er lélegt og þarf að friða það fyrir beit“.

Kristbjörn sagði að skýrsla þessi hefði mikið almennt gildi fyrir þá sem áhuga hefðu á að kynna sér náttúrufar á Suðurnesjum. Skýrslan væri ákaflega aðgengileg með fjölmörgum kortum og skýringarmyndum.

Skýrslan er prentuð í allstóru upplagi og er til sölu í bókabúð Keflavíkur og bókabúð Lárusar Blöndal í Reykjavík og kostar 400 krónur.

BB